

Reykjavík, 5. desember 2007.

Varðar 18. mál á 135. löggjafarþingi 2007-2008:

**Umsögn FAS, Samtaka foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum sem varða réttindi samkynhneigðra.**

**FAS, Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, lýsa yfir eindregnum stuðningi við ofangreint frumvarp og hvetja til þess að Alþingi samþykki það.**

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafa samkynhneigðir Íslendingar, eftir gildistöku laga nr. 65/2006, öðlast öll sömu réttindi og gagnkynhneigðir, með einni undantekningu sem varðar stofnun og slit hjúskapar og staðfestrar samvistar.

Samkvæmt 16. grein hjúskaparlaga nr. 31/1993 má „stofna til hjúskapar fyrir presti, forstöðumanni skráðs trúfélags er hefur vígsluheimild, sbr. 17. gr., eða borgaralegum vígslumanni.“ Sömu aðilar, auk dómara, geta skv. 42. gr. laga nr. 31/1993 leitað um sættir milli hjóna sem ákveðið hafa að leita skilnaðar.


Um staðfesta samvist gilda hins vegar lög nr. 87/1996, en samkvæmt 4. gr. þeirra laga geta aðeins sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæmt staðfestingu á samvist, og aðeins sýslumenn og dómarar leitað sátta skv. 8. grein laganna.

Kirkjuþing samþykkti 25. október síðastliðinn að þeim prestum þjóðkirkjunnar, sem það vilja, verði heimilt að staðfesta samvist samkynhneigðra, ef löggjafinn veitir trúfélögum heimild til þess.

Því er erfitt að sjá hvað ætti að standa í veginum fyrir því að hjúskaparlög nr. 31/1993 geti einnig gilt um hjúskap samkynhneigðra, séu gerðar á þeim þær breytingar sem lagðar eru til í 1. og 2. grein frumvarpsins.

Með því að ein hjúskaparlög gildi í landinu, sem nái bæði til gagnkynhneigðra og samkynhneigðra, væri lagalegu jafnrétti náð, og samkynhneigðum sem og gagnkynhneigðum, börnum þeirra og fjölskyldum, mætt af virðingu á hamingjustundum lífsins þegar hjúskapur er innsiglaður milli tveggja einstaklinga.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg S. Guðmundsdóttir,  
formaður FAS



Guðrún Rögnvaldardóttir,  
varaformaður FAS